

Öll gögn
málsins.

Viðskiptablaðið

— Áskriftarsíminn er 511 6622 —

vb.is

Afram Ísland - Veljum Íslenskt!

**Pú færð
límmiðana
hjá okkur**

**Íslensk
framleiðsla!**

Hafðu samband
við sölumann
í 567 88 88

pmt
Plast, miðar og tæki - www.pmt.is

Kína Stjórnarformaður stærstu vörusýningar Kína vill fá Íslendinga á sýninguna

Vaxandi áhugi er á innfluttum vörum í Kína

Mikil tækifæri geta verið fólgin í því að sækja kínversku vörusýninguna Canton heim að mati stjórnarformanns hennar sem var hér á landi nýverið.

DÖGG HJALTALÍN
dogg@vb.is



Wang Zhiping, stjórnarformaður Canton vörusýningarinnar og Örn Svavarsson formaður Íslensks kínverska verslunarráðsins, vilja auka viðskipti Íslendinga og Kínverja.

VB MYND/AXEL JÓN

Ísland hefur löngum verið mikilvægt fyrir kínverska framleiðendur,“ segir Wang Zhiping, stjórnarformaður Canton vörusýningarinnar í Guangzhou í Kína. „Við hrundi dró verulega úr innflutningi til Íslands frá Kína, en það hefur smám saman verið að aukast. Við viljum stappa stálínu í Íslendinga og opna augu manna fyrir gagnkvæmum hagsmunum af Canton vöru-

sýningunni. Þeir felast í því að Íslendingar kaupi vandaðar vörur á góðu verði frá Kína og kanni um leið möguleikann á útflutningi á íslenskum gæðavörum og þekkingu til Kína.“

4.230 milljarða viðskipti
Á Canton vörusýningunni í apríl síðastliðnum fóru fram viðskipti upp á 4.230 milljarða króna. Upphæð viðskipta á sýningunni hefur vaxið ár frá

ári og bendir Wang Zhiping á að þar sé ekki eingöngu um að ræða áhugasama erlenda kaupendur að kínverskum vörum. „Tekjur í Kína fara hækkandi og með hækkandi tekjum fylgja kröfur um meiri gæði. Fólk er opið fyrir tilbreytingu og nýjungum og þess vegna er vaxandi áhugi á innfluttum vörum, ekki síst gæðavörum.“

Milljón fermetra sýningarsvæði

Á síðustu Canton vörusýningu voru 24.415 sýnendur með yfir 150 þúsund vöruflokka og þjónustubætti. Sýningarsvæðið er rúmlega milljón fermetrar og á síðustu sýningu voru 207 þúsund gestir. Sýningin er eingöngu ætluð kaupendum. Aðeins 10 Íslendingar sóttu þá sýningu. Canton vörusýningin er haldin í þremur hlutum vor og haust.

Skrifborð, hillur og skápar



Afköst þín og hversu vel þér gengur í vinnunni stjórnast að miklu leyti af góðri vinnuaðstöðu og líkamlegri vellíðan. **InnX innréttingar** bjóða þér að sitja og standa eins og þú vilt. Það er alls ekki sama, skrifborð og skrifborð frá **InnX innréttingum**.

**Veldu það besta fyrir þig.
Það kostar minna
en þú heldur.**

INN X
Innréttingar

Fákafen 11 • 108 Reykjavík • Sími 577 1170
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is